

Örorkubætur greiðast í einu lagi, ef örorkan er metin 50% eða minni, annars má greiða þær sem lifeyri.

23

1. marz

21. gr.

Rangar upplýsingar frá hendi tryggingartaka (útgerðarmannsins) skerða ekki rétt hinna tryggðu (sjómanna), en borga skal hann allt það tap, sem þær hafa bakað félaginu, og auk þess sæta sektum, allt að 100000 kr. Rangar upplýsingar frá hendi tryggða skerða ekki rétt hans ef það sannast, að hann hafi óviljandi gefið rangar upplýsingar, enda greiði útgerðarmaðurinn það, sem vangoldið kann að hafa verið af iðgjaldinu. Sannist hinsvegar, að hann hafi visvitandi gefið rangar upplýsingar félaginu til skaða, missir hann rétt sinn til bóta frá því. Í öðrum tilfellum skulu kröfur hans til bóta miðast við þau iðgjöld, sem goldin hafa verið fyrir hann.

22. gr.

Með mál út af brotum á þessari reglugerð skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 37 12. febrúar 1940 til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

24

5. marz

**um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Eyrarbyggahreppi,
nr. 142 8. ágúst 1939.**

1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 2. gr. samþykktarinnar komi: á laugardögum.

2. gr.

Breyting þessi öðlist gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbyggahrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.